

K. Jónsdóttur, Haralds Axels Ólafssonar, Ólafs Sigurjónssonar, Viðars Björnssonar, Sigurjóns Guðjónssonar, Lárusar Ágústssonar, dánarbús Einarssonar, Halldórs Gunnarssonar, Einarssonar, Bárðar Magnússonar, Sigurbergs Magnússonar, Ragnars Eyjólfssonar og Páls Magnússonar, í máli þessu.

Varakrafa stefnenda er tekin til greina, svo sem lýst er í kafla XII hér að framan.

Málskostnaður fellur niður.

Málflutningslaun talsmanna aðilja, hæstaréttarlögmannanna Egils Sigurgeirssonar og Páls S. Pálssonar, kr. 140.000.00 til hvors, greiðist úr rikissjóði.

Þriðjudaginn 26. mars 1974.

Nr. 174/1974: **Ákærvaldið**
 gegn
Jóni Heiðberg.

Dómenndur:

hæstaréttardómarnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Kærumál. Vanhæfi dómara. Frávisun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Varnaraðili hefur 21. mars 1974 kært til Hæstaréttar úrskurð sakadóms Hafnarfjarðar, er kveðinn var upp sama dag. Bárust kærugögn Hæstarétti 22. s. m. Í máli þessu hefur verjandi vernaraðilja, Jón E. Ragnarsson hæstaréttarlögmaður, krafist þess, að Sigurður Hallur Stefánsson aðalfulltrúi víki sæti við framhaldsrannsókn vegna hæstaréttarmálsins nr. 174/1973: Ákærvaldið gegn Jóni Heiðberg. Kæru varnaraðilja verður að skilja svo, að hann krefjist þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið.

Greinargerð hefur ekki borist frá saksóknara ríkisins.

Saksóknari ríkisins hefur ekki veitt leyfi til kæru þessarar, sbr. 1. tl. 171. gr. laga nr. 73/1973, sbr. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 75/1973. Ber því að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Krafa sú, er að framan greinir, er fjarri sanni. Ber að víta Jón E. Ragnarsson hæstaréttarlögmann fyrir löglausa kæru úrskurðarins.

D ó m s o r ð :

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður sakadóms Hafnarfjarðar 21. mars 1974.

Með dómi sakadóms Hafnarfjarðar, uppkveðnum mánudaginn 7. maí 1973, var Jón Heiðberg, Arnarhrauni 16, Hafnarfirði, dæmdur til að sæta varðhaldi 15 daga og sviptur ökuleyfi ævilangt frá birtingu dómsins. Dóminum hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar.

Með bréfi, dagsettu 15. mars 1974, til dómsins hefur saksóknari ríkisins beiðst framhaldsrannsóknar í málinu. Segir í bréfinu: „Óskast lögreglumenn, varðstjóri og rannsóknarlögreglumenn, sem stóðu að rannsókn málsins, kallaðir fyrir dóm og yfirheyrðir um málsatvik svo og ákærði, ef þörf þykir.“

Klukkan 1400 í dag hófst réttarhald í málinu að viðstöddum fulltrúa saksóknara og verjanda ákærða, Jóni E. Ragnarssyni hæstaréttarlögmanni. Í upphafi réttarhaldsins lét dómariinn bóka eftirfarandi: „Ákærði var ekki boðaður, þar sem dómari leit svo á, að ekki væri séð fyrir um þörf þess, fyrr en lögreglumenn hefðu verið yfirheyrðir. Einnig taldi hann, að verjandi hans mundi boða hann, sæi hann sérstaka ástæðu til. Ákærði er ekki mættur, en hins vegar lögreglumenn þeir allir, sem greinir í bréfi saksóknara ríkisins, dskj. nr. 1. Í samræmi við kröfu fulltrúa saksóknara ákveður dómariinn, að yfirheyrslur hefjist nú yfir lögregluþjónunum.“

Að ósk verjandans var eftirfarandi bókað: „Tilgangur minn með beiðni um framhaldsrannsókn er eingöngu sá, að ákærði komi fyrir dóm og svari spurningum um efnisatriði þau, sem greinir í bréfi, dags. 11. 3. s.l. Var ég í þeirri trú, að dómariinn boðaði ákærða í þessu skyni, enda ekki séð dskj. nr. 1 fyrr en nú í réttinum. Ég geri ákveðna kröfu til þess, að ákærði sé fyrst yfirheyrður um þessi atriði, enda tel ég mig ekki geta ákvarðað, til dæmis um spurningar til lögreglumannanna, nema hafa fyrst heyrt framburð ákærða.“

Þá tel ég mig hafa ástæðu til að ætla, að andstaða væri yfirleitt gegn því, að ákærði komi aftur fyrir dóm, sbr. dskj. nr. 1, og þá afstöðu, sem fram hefur komið hjá rannsóknardómaranum í þessu þinghaldi, og tel mig því ekki hafa neina tryggingu fyrir því, að ákærði komi aftur fyrir dóminn. Hlýt ég því að mótmæla því, að lögreglumennirnir verði yfirheyrðir nú af tilefni af beiðni minni um framhaldsrannsókn, og tel ég nú rétt að gera kröfu til þess, að rannsóknardómarinn víki sæti með tilvísun til fyrri afskipta hans af málinu svo og með tilvísun, sem að ofan greinir í bókun þessari.

Verjandi tekur þó fram, að krafa hans sé tengd því atriði, hvort rannsóknardómarinn verði við kröfu hans um það, að ákærði komi fyrst fyrir dóminn og falli frá ákvörðun sinni um að yfirheyra lögregluþjónana fyrst. Lýsir verjandi sig reiðubúinn að falla frá kröfu um sætisvikningu á ofangreindum grundvelli.“

Ekkert hefur komið fram, sem bendir til andstöðu rannsóknardómarans gegn því, að ákærði komi fyrir dóminn, þótt honum hafi ekki að svo komnu þótt ástæða til að eiga frumkvæði að því. Að öðru leyti verður ekki talið, að rannsóknardómarinn hafi með því, sem fram hefur farið í þessu réttarhaldi, eða með afskiptum af málinu að öðru leyti gert sig óhæfan til að fara áfram með málið. Brestur því algerlega grundvöll fyrir því, að framangreind krafa verjandans verði tekin til greina.

Úrskurðarorð:

Framangreind krafa um, að rannsóknardómarinn, Sigurður Hallur Stefánsson, aðalfulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði, víki sæti, er ekki tekin til greina.
